



4. desember 2014

Efni: Umsögn Bandalags íslenskra græðara við tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, 39. mál.

Stjórn Bandalags íslenskra græðara telur mjög mikilvægt að gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins nái fram að ganga. Það er nauðsynlegt öllum þeim sem koma að heilbrigðisþjónustu að vita hvaða skef verið er að stíga til framtíðar og hvaða væntingar eru gerðar til ávinnings af þeim aðgerðum sem gripið er til.

Þar sem ljóst er að Íslendingum 67 ára og eldri muni fjölga um 50% á næstu 15 árum er eitt það mikilvægasta í gerð langtímaframkvæmdaáætlunar að auka forvarnir svo þessi mikli fjöldi verði vel á sig kominn þegar hann kemst á eftirlaunaaldur. Stjórn Bandalags íslenskra græðara tekur undir orð flutningsmanna tillögunnar um nauðsyn heildarsýnar á heilbrigðismál þjóðarinnar. Þar þurfa forvarnir að eiga sér mun ríkari sess. Þær eru lykilinn að velferð einstaklingsins og þar með samfélagsins. Afar mikilvægt er að einstaklingurinn læri að þekkja sjálfan sig og geti fundið fyrir stuðningi hins opinbera kerfis til að viðhalda heilbrigði sínu.

Bandalag íslenskra græðara óskar eftir að við gerð framkvæmdaáætlunar sé litið til aðkomu þeirra sem stunda heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis. Mikilvægt er þegar horft er til framtíðar að móta stefnu um hvernig samvinnu þessara aðila skuli háttað. Í skýrslu Alþjóða

heilbrigðismálastofnunarinnar Traditional medicine strategy 2014-2023 er lögð áhersla á mikilvægi samþættingar núverandi heilbrigðiskerfis og heilsutengdrar þjónustu. Sjá slóðann

[http://www.who.int/medicines/publications/traditional/trm\\_strategy14\\_23/en/](http://www.who.int/medicines/publications/traditional/trm_strategy14_23/en/)

Í vinnu við fyrirhugaða gerð framkvæmdaáætlunar um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins og stefnumörkun tengda henni ítrekum við vilja okkar til samstarfs og frekari samþættingar með hagsmuni íslensks samfélags og þar með þeirra aðila sem leita eftir þjónustunni að leiðarljósi.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd Bandalags íslenskra græðara.

Freygerður Anna Ólafsdóttir, formaður.